

20. ágúst 2014

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á 2. ársfjórðungi 2014:

Stöðugur rekstur og mikilvægum áföngum náð

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir 2. ársfjórðung ársins 2014 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 20. ágúst 2014.

- Tekjur jukust um 1% á fjórðungnum – Tekjuaukning á fyrri helmingi ársins 2%
- Framlegð hækkaði um 6% á fjórðungnum – Framlegðarhækkun 9% á fyrri helmingi ársins
- Kostnaður vegna forstjóraskipta í maí nam 53 m.kr.
- EBITDA ársfjórðungsins nam 671 m.kr. og lækkaði um 8% milli ára – EBITDA á fyrri helmingi ársins hækkaði um 3%.
- 210 m.kr. hagnaður á 2. ársfjórðungi - Hagnaðaraukning á fyrri helmingi ársins 49%.

Lykiltöluyfirlit:

	2F 2014	2F 2013	Breyt.	% breyt.	1H 2014	1H 2013	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.294	3.257	37	1%	6.467	6.323	144	2%
Kostnaðarverð	1.764	1.815	-51	-3%	3.495	3.595	-101	-3%
Framlegð	1.530	1.442	88	6%	2.972	2.728	244	9%
Rekstrarkostnaður	1.165	1.064	101	10%	2.319	2.175	144	7%
EBITDA	671	732	-61	-8%	1.306	1.271	35	3%
EBIT	365	378	-13	-4%	653	553	101	18%
Hrein fjármagnsgjöld	104	119	-15	-13%	225	265	-40	-15%
Hagnaður tímabilsins	210	207	3	1%	345	231	114	49%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>46,4%</i>	<i>44,3%</i>			<i>45,9%</i>	<i>43,1%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>20,4%</i>	<i>22,5%</i>			<i>20,2%</i>	<i>20,1%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>11,1%</i>	<i>11,6%</i>			<i>10,1%</i>	<i>8,7%</i>		



Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Rekstur Vodafone á 2. ársfjórðungi var ágætur, sérstaklega þegar tekið er tillit til mikillar innri vinnu tengdum öryggismálum og ISO 27001 vottun félagsins og kostnaðar sem féll til á tímabilinu vegna forstjóraskipta.

Samhliða styrkingu innviða voru mikilvæg skref stigin á ýmsum sviðum á tímabilinu. Nýjar vörur voru innleiddar og áfram var haldið með fjárfestingar í kerfum sem eru mikilvæg fyrir tekjuöflun Vodafone til framtíðar. Félagið hefur þannig tekið forystu í 4G þjónustu með markvissri fjárfestingu í farsímakerfinu og á sama tíma styrkt verulega sjónvarps- og útvarpsdreifikerfi Vodafone sem mun á árinu ná til 99,8% landsmanna. Þessar fjárfestingar eru mikilvægur grundvöllur framtíðar tekjusköpunar félagsins.“

Rekstrarafkoma á 2. ársfjórðungi 2014:

Tekjur samstæðunnar á 2. ársfjórðungi 2014 námu 3.294 m.kr. og hækkuðu um 37 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2013. Sjónvarpstekjur jukust um 13% og tekjur af gagnaflutningi um 1%. Tekjur af farsímabjónustu lækkuðu um 103 m.kr. sem að stærstum hluta má rekja til breytinga á lúkningaverðum, sem lækkuðu verulega um áramót, samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Gjöld félagsins vegna sömu breytinga lækkuðu hins vegar meira og því voru nettóáhrif breytinganna jákvæð fyrir félagið. Tekjur af fastlínubjónustu námu 382 m.kr. á tímabilinu og lækkuðu um 7% frá sama ársfjórðungi 2013. Aðrar tekjur hækkuðu talsvert, mest vegna aukinnar vörusölu.


Framlegð fjórðungsins nam 1.530 m.kr. og hækkaði um 88 m.kr. eða 6% frá öðrum ársfjórðungi 2013. Rekstrarkostnaður nam 1.165 m.kr. og hækkaði um 101 m.kr. frá sama tímabili 2013, þar af nam kostnaður vegna forstjóraskipta 53 m.kr. EBITDA hagnaður tímabilsins nam 671 m.kr. og lækkaði um 8% frá sama fjórðungi 2013. EBITDA hlutfall tímabilsins var 20,4%.

Hrein fjármagnsgjöld á ársfjórðungnum lækkuðu um 13% milli ára og námu 104 m.kr. á tímabilinu. Lækkunina má rekja til lægri hreinna vaxtaberandi skulda en á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 261 m.kr. og hækkaði um 2 m.kr. frá 2. ársfjórðungi 2013. Reiknaður tekjuskattur nam 51 m.kr. og hagnaður fjórðungsins nam því 210 m.kr. sem er hækkan um 1% frá fyrra ári.

Rétt er að benda á, að breytingar á lúkningaverðum og kostnaður vegna forstjóraskipta gera samanburð milli ára erfiðari en annars væri. Þannig lækkuðu tekjur Vodafone á 2. ársfjórðungi um 73 m.kr. vegna breytinga á lúkningaverðum kostnaðarverð lækkaði hins vegar um um 85 m.kr. Breytt lúkningaverð munu hafa áhrif á samanburð allra ársfjórðunga við sömu fjórðunga ársins 2013. Þá var óreglulegur kostnaður vegna forstjóraskipta 53 m.kr. á 2. ársfjórðungi.

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2010



Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2014:

Handbætt fé frá rekstri 2. ársfjórðungs 2014 var 607 m.kr. og breyttist ekki milli ára. Ólíkt síðasta ári eru fjárfestingar ársins 2014 frömpungar og námu fjárfestingahreyfingar á fjórðungnum 447 m.kr. sem er 140 m.kr. hækkun frá sama ársfjórðungi í fyrra. Styrking á sjónvarspdreifikerfi félagsins vegna dreifi- og þjónustusamnings við RÚV og uppbygging 4G þjónustu veldur því að fjárfestingar dreifast með öðrum hætti nú en á árinu 2013


Fjárfestingarnar eru í samræmi við áætlanir félagsins og áður uppgefin fjárfestingaviðmið fyrir árið í heild eru óbreytt.

Handbætt fé í lok tímabilsins nam 277 m.kr. sem var 37 m.kr. hærra en í upphafi þess.

Efnahagur 30. júní 2014:

Efnahagur félagsins er áfram sterkur. Eigið fé í lok tímabilsins var 7.907 m.kr. Eiginfjárlutfall var 50,7% og hafði aldrei verið hærra. Heildarskuldir samstæðunnar voru 7.692 m.kr., þar af voru vaxtaberandi skuldir 5.651 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.374 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,8. Veltufjárlutfall var 1,4.

Mynd 2: Sjóðstreymi á 2F Breytingar á tímabilinu





Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar:

- Vodafone hefur fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001. Vottunin felur í sér formlega viðurkenningu á því að upplýsingaöryggi sé stjórnað samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferlum og fagleg vinnubrögð séu viðhöfð í hvívetna. Hún tryggir enn fremur stöðugar umbætur í upplýsingaöryggismálum. Vottunin nær til stjórnkerfis upplýsingaöryggis fyrir farsíma-, landlínu- og netþjónustu Vodafone.
- Vodafone RED, sem Vodafone hleypti af stokkunum í mars, hefur fengið góð viðbrögð. Í júlí voru sérstakar RED Frelsis þjónustuleiðir kynntar, en með þeim er höfðað til annars notendahóps en þeirra sem kjósa hefðbunda Vodafone RED áskriftarleið. Vinna við frekari vöruþróun, sem hvílir á hugmyndafræði Vodafone um áhyggjulausa notkun, er þegar hafin.
- Vodafone hefur tekið forystu á fjarskiptamarkaðnum í 4G þjónustu, með uppbyggingu og umfangsmikilli stækkun 4G þjónustuvæðis á fyrri hluta ársins. Uppbyggingin hefur verið unnin á hagkvæman hátt með uppsetningu langdrægra 4G senda. 4G þjónusta Vodafone nær nú til yfir 70% landsmanna.
- Fjárfestingin mun einnig nýttast félaginu ef stofnun nýs rekstrarfélags ([sjá tilkynningu](#) frá 12. nóvember 2013), sem á að reka sameinað farsímadreifikerfi Vodafone og Nova, verður að veruleika. Fyrirhuguð stofnun rekstrarfélagsins er enn til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu, sem hefur unnið að málinu á undanförunum mánuðum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur hins vegar heimilað félögunum samnýtingu á tíðnum, sem er ein forsenda þess að stofnun sameiginlegs félags verði að veruleika.
- Uppbygging á nýju sjónvarpsdreifikerfi samkvæmt þjónustusamningi við Ríkisútvarpið gengur vel. Verkefnið veldur því að stærri hluti fjárfestinganna fellur til á fyrri hluta ársins en venja er til.
- Staða þeirra dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2014:

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2014 eru óbreyttar:

- EBITDA hagnaður ársins 2014 verði á bilinu 2,9 til 3,1 milljarður króna
- Fjárfestingahlutfall verði á bilinu 10 til 12%

Kynningarfundur 21. ágúst 2014:

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 21. ágúst 2014 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvoði 2. Á fundinum munu Stefán Sigurðsson, forstjóri, og Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/fjarfestatengsl

Fjárhagsdagatal 2014:

- ✓ Uppgjör 1F 2014: 7. maí 2014
- ✓ Uppgjör 2F 2014: 20. ágúst 2014
- ✓ Uppgjör 3F 2014: 5. nóvember 2014
- ✓ Uppgjör 4F 2014: 18. febrúar 2015



Aðalfundur 2015 verður haldinn í viku 12 árið 2015.

Frekari upplýsingar:

- ✓ Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9310.